

Eigið fé úr engu

eftir

Jón Þ. Hilmarsson

og

Stefán Svavarsson,

endurskoðendur

Grein birt á vefsíðu Viðskiptablaðsins í byrjun febrúar 2018

Efnisyfirlit

- Inngangur
- Reglur um gerð reikningsskila
- Um eigið fé
- Greinin:
 - „veikt“ eigið fé
 - óinnheimt hlutafé ekki sama og lánveiting
 - kúlulán, innlán, yfirverð og vextir
 - lausir endar: áhætta og ábati, laust fé, framsetningarkröfur, áhrif á notendur
- Althani málið

Inngangur

- Meginatriði úr greininni (skoðun höfunda) sem ekki fékkst birt í blöðum (aðallega að sögn fyrir að vera of löng):
 - Öll mál sem varða reikningsskil bankanna og endurskoðun þeirra hafa verið felld niður. Skýringar trúlegast af ýmsu tagi. Greinin fjallar bara um eitt þeirra mála.
 - „Veikt eigið fé“, RNA (230 millja.kr. 31.12.2007 en 300 millja.kr. við fall bankanna) var að okkar dómi sama sem „ekki eigið fé“
 - Lánveiting eða óinnheimtar kröfur v. sölu eigin bréfa? Í ákærum og í úrskurðum dómstóla = lánveiting (útlán), þ.e. rekstur, en ekki sem innheimta v. fjármögnunar eigenda.
 - Er úttekt af innlánsreikningi alltaf greiðsla? Nei.
 - Afleiðing rangrar túlkunar á efni máls (okkar skoðun) = eigið fé stórlega ofmetið $230/(695-230) = 49,5\%$
 - Minnni svo á:
 - Ábyrgð á reikningsskilum hvílir hjá forstjóra og stjórn (bankaráði) en endurskoðendur bera ábyrgð á umsögn sinni um reikningsskil

Reglur um gerð reikningsskila

- IFRS (international financial reporting standards) reglur gilda á verðbréfamörkuðum – giltu við uppgjör bankanna 2007 (Evrópa samþykkir 2002)
- Tilgangurinn að mati alþjóðlega reikningsskilaráðsins (IASB-international accounting standards board):
 - a) þörf á samræmingu við gerð reikningsskila (skýrar reglur og skiljanlegar)
 - b) hágæðareikningsskil (gagnsæi og samanburðarhæfni)
 - c) alþjóðlegir notendur – heimild til fjárfestingar
- Regluverkið grundvallast á meginreglum (Principles-based) fremur en nákvæmnisreglum (Rules-based) um öll möguleg tilvik. IASB vs FASB
- Umsögnin um reikningsskil að þessu virtu: True and fair view (fair presentation) = glögg mynd
 - glögg mynd fæst með beitingu staðlanna – í algjörum undantekningartilvikum skal víkja þeim til hliðar ef ekki fæst glögg mynd (IAS 1, 19. gr.)
 - sama ákvæði að finna í ÁRL, sbr. 5. gr. l. 3/2006 – veita viðbótarupplýsingar svo úr verði glögg mynd

Reglur um gerð reikningsskila

- Undirliggjandi viðhorf – efni máls umfram form (Conceptual Framework (4.6.) „In assessing whether an item meets the definition of an asset, liability or equity, attention needs to be given to its **underlying substance and economic reality and not merely its legal form.**“
- Tvenns konar reglur: 1) efnisreglur (hvernig skal mæla), og 2) formreglur (hvernig skal segja frá). Hugtakið góð reikningskilavenja tekur til hvors tveggja, þó að hún sé reyndar að mörgu leyti úrelt, þ.e. í staðinn fyrir venjur (skrifaðar og óskrifaðar) eru komnir langir og ítarlegir staðlar (þeir eru því hin nýja góða reikningskilavenja).
- Formaður IASB (HH) sagði nýlega í erindi (sept. 2017) að þótt reikningskil fyrirtækja séu enn kjölfestan fyrir fjárfesta í mati á virði fyrirtækja þá verði menn eigi að síður að styrkja reikningskilagerðina svo að hennar sé þörf og hún haldi áfram að vera viðeigandi. Atakið markast af betra samtali í reikningskilagerð, ef svo má segja, til þýðingar á „Better Communication in Financial Reporting“.

Reglur um gerð reikningsskila

Að lokum þetta:

- Tónninn í ofangreindu er nánast þessi – við gerð reikningsskila segðu sannleikann, allan sannleikann og ekkert nema sannleikann, svo þekktur frasi sé tekinn að láni.
- Það er ekki rétt nálgun og í engu samræmi við hinn hreina og sanna tón að spyrja: Hvar stendur að ég megi ekki gera þetta svona?
- Þessu komið á framfæri og ekki ófyrirsynju.

Um eigið fé

- Í reikningshaldi er eigið fé afgangsstærð (e. residual), þ.e. mismunurinn á skilgreindum eignum og skilgreindum skuldum.
- Samt er það svo að sundurgreining eigin fjárins er sýnd og hún þykir og er gagnleg. Efnisþættir eigin fjár eru þessir:
 - 1) Innborgað eigið fé (hlutafé og yfirverðsreikningur) – hér með talið hlutafé í áskrift að frádregnum óinnheimtu fé sem og stöður er varða kaupréttarfærslur
 - 2) Samsafnað endurmat að frádregnum skattkvöðum
 - 3) Samsöfnuð óinnleyst afkoma að frádregnum skattkvöðum
 - 4) Samsöfnuð innleyst (í gegnum rekstur) afkoma (arð má greiða út á móti þessum lið)
 - 5) Eigin hlutabréf – frádregin á kaupverði í sérlínu (fer betur á því en að netta eigin bréfin frá innborguðu eigin fé, eins og því miður hefur verið lenska héraendis)
- Sundurgreining þessara liða eigin fjárins fylgir að jafnaði í skýringum enda nauðsynlegt að sýna breytingar frá byrjun til loka árs.
- Svokölluð heildarafkoma (comprehensive income) tekur til breytinga skv. 2), 3) og 4).
- Villur/rangfærslur í gerð reikningsskila geta varðað alla þessa fimm flokka.

Greinin – „veikt“ eigið fé

- RNA notar þetta hugtak í skýrslu sinni og það tekur til 230 millja. kr. sem tíundaðir eru sem lánveitingar til kaupa á eigin bréfum.
- Trúlegast er orðið notað á þennan hátt til að sýna að vesett eigin bréf eru varla traust trygging.
- Hugtakið er hvorki til í fjármálafræðum né reikningshaldsfræðum, þ.e.a.s. í þeim skilningi að mismunur geti verið í styrkleika (gæðum) innborgaðs eigin fjár. Reyndar þvert á móti því áskilnaður er um, sé greitt í öðru en reiðufé, að framkvæma verður mat til að tryggja jafngildi innborgaðs eigin fjár.
- Í þessu sambandi skal bent á að skuldabréf er ekki reiðufé; máli skiptir hver skuldarinn er. Bar því ekki við móttöku skuldabréfa sem greiðslu fyrir eigin bréf að meta hvort skuldarar gætu greitt svo jafngilt væri við reiðufé. Það var ekki gert; lögbrot eða hvað?

Greinin – „veikt“ eigið fé

- Ennfremur í þessu sambandi hvað merkja þessi orð í 1.mgr. 55.gr. laga um hlutafélög: „Með skal telja (þ.e. til eigin bréfa) hluti sem þriðji aðili hefur eignast í eigin nafni en fyrir reikning félagsins“. Tveir skýringarkostir:
 - Þýðir – fyrir reikning félagsins – að félagið lánaði þessum þriðja aðila, og sé svo, þá teljast slík bréf í hendi þriðja vera eigin hlutir (og lánið dregið frá eigin fé), eða
 - Þýðir – fyrir reikning félagsins – félagið er í reynd kaupandinn þótt ásýndin sé sú að þriðji aðilinn sé kaupandinn enda skráður fyrir bréfunum (þessi túlkun er reist á því að þriðji aðilinn sé að svindla fyrir fyrir félagið og sé leppur fyrir það og þykist vera eigandinn en er það í reynd ekki vegna baksamninga um annað); á maður að trúa því að þetta þyki eðlileg lagasmíði(1), þ.e. að gera ráð fyrir því að menn séu skúrkar!! Og þá þegar af þeirri ástæðu ótækur skýringarkostur að okkar mati. Ef þessi túlkun – óþarfi – því efni máls umfram form leysir málið.
 - ef fyrri skýringarkosturinn á við – þá var algjör óþarfi að tala um veikt eigið fé heldur það sem er kjarni máls; öll fjárhæðin meðal útlána er eigin bréf og bar því að lækka eigið fé um fjárhæðina; **hér var því ekki um „veikt eða lasið eigið fé“ heldur „ekki eigið fé“.**

(1) Kannski er hún líka til sönnunar á því að viðskiptasiðferði er oxymoron (þversögn í orðum).

Greinin – óinnheimt hlutafé ekki sama og lánveiting

- Nú er ekki að finna í lögum kröfur um innheimtu á seldum eigin bréfum. En er þá ekki nærtækast að yfirfæra ákvæði 3. kafla hlutafélagalaga á þá innheimtu, en kaflinn fjallar um innheimtu frumútgáfu hlutafjár og aukningu (hækkun) hlutafjár (sala á eigin bréfum er einmitt það enda fyrir greitt)?
- Samkvæmt þessum kafla laganna skal, sé ekki greitt fyrir hlutaféð í staðgreiðslu, heimilt að veita að hámarki 1 ár til innheimtu (frávik veitt við sérstakar aðstæður en aðeins í nokkra mánuði í viðbót).
- Má þá ekki halda því fram að óheimilt sé, og hafið verið, að lána í skuldabréfum til lengri tíma, eins og gert var, í formi kúlubréfa til nokkurra ára en „kúlan“ tók bæði til höfuðstóls og vaxta, þar sem lánveitingin er til lengri tíma en eins árs? Sýnist það ekki vera lögbrot?
- Hvers vegna ættu almennir hluthafar í félagi á markaði að una því að sumir hluthafa fái langtímaskuldabréf til greiðslu hlutafjár (og jafnvel í reynd með engum gjalddaga) en þeir þurfi að staðgreiða?

Greinin – óinnheimt hlutafé ekki sama og lánveiting

- Hér myndi verjandi þessa háttar benda á að andvirði lánsins var lagt inn á innlánsreikning og þaðan tekið út sem innstæða til greiða fyrir seldu eigin bréfin. Samkvæmt þessu sýnist hafa verið staðgreitt fyrir seldu eigin bréfin og lántakan sé annað mál.
- Hér skal minnt á regluna um efni máls, sem fjallað var um hér að framan; kjarni málsins er sá að kaupandi seldra eigin bréfa í þessu dæmi hefur ekkert greitt; aðeins breytt formi skuldar. Og að halda öðru fram er einfaldlega, og afsakið orðið, „þvæla“. Undir það tóku lögmenn SEC þegar að spurðir.
- Sjá meðf. mynd.

Greinin – óinnheimt hlutafé ekki sama og lánveiting

Lánveiting (færslur að hætti ísl. banka)				
<u>Færsla nr.</u>			Debet	Kredit
1)	Útlán (t.d. kúlubréf til fimm ára)		100	millj.
1)	Innlán			100
2)	Innlán		100	millj.
2)	Eigið fé - innborgað eigið fé			100
<ul style="list-style-type: none"> • Hér eru engir peningar búnir til (færsla 1) • Féð sem fært er á innlán fer aldrei út úr bankanum (færsla 2); engin greiðsla innt af þ • Textinn á útlán á að vera óinnheimt hlutafé og þá fjárhæð verður að innheimta innan eins árs. • Og að sjálfsögðu skal það vera þannig að arð má ekki hirða af þessu hlutafé fyrr en það er innheimt að fullu. 				
Færslan á að vera:				
	Óinnheimt hlutafé		Debet 100	Kredit millj. kr.
	Hlutafé - áskrift			100
Framsetning meðal eigin fjár (t.d. svona):				
	<u>Eigið fé</u>		Árslok 2007	
	Hlutafé		500	
	Yfirverð		150	
	Hlutafé - áskrift		100	
	<i>Frá dregst:</i>			
	Óinnheimt hlutafé		(100)	
	Annað eigið fé		750	
			1.400	

Greinin-kúlulán, innlán, yfirverð/vextir

- Þar sem óinnheimtu hlutafé var breytt í útlán hafa vaxtatekjur af óinnheimtum kröfum verið færðar í rekstur sem trúlega mátti ekki, enda er í reynd um yfirverð að ræða. Sitt er hvað ávöxtun eigna í formi vaxtatekna og yfirverð til að jafnstilla verðmæti innborgaðs eigin fjár frá eigendum. Það yfirverð hefur ekkert með rekstrartekjur að gera heldur varðar það fjármögnun banka/fyrirtækis.
- Skoðun dæmi:

Greinin-kúlulán, innlán, yfirverð/vextir

Yfirverð eða vaxtatekjur?						
Tveir menn kaupa hlutabréf í X hf.						
Hvor um sig kaupir bréf að nafnverði 100 millj.						
Annar staðgreiðir 1. jan. 200X 100 millj.						
Hinn greiðir 31.des. 200X 115 millj. sem er jafngildi 100 millj. ári áður.						
Gæta verður að því að virði framlaganna sé það sama fyrir félagið.						
Taka verður tillit til tímavirðis peninga; seinni greiðslan er jafnmikils virði fyrir félagið og sú fyrri, m.v. 15%.						
				Debet	Kredit	
Færslur:						
1.jan.	Handbært fé		100		millj.	
	Hlutafé			100		
1. jan.	Óinnheimt hlutafé		100		millj.	
	Hlutafé í áskrift			100		
31.des.	Handbært fé		115		millj.	
	Hlutafé í áskrift		100			
	Hlutafé			100		
	Yfirverð			15		
	Óinnheimt hlutafé			100		
<u>Staða eigin fjár í árslok:</u>						
	Hlutafé			200	millj.	
	Yfirverðsreikningur			15		
Þó að 15% vextir felist í innborgun seinni aðilans er ekki um vaxtatekjur að ræða heldur varðar innheimtan fjármögnun framlaga eigenda en ekki rekstur félagsins. Þess vegna eru vaxtatekjur ekki færðar.						
Hefur framkvæmdin alltaf verið svona? Trúlegast ekki en það breytir engu um rétt efni málsins.						

Greinin-kúlulán, innlán, yfirverð/vextir

- Og hvernig leit framgreind nálgun út gagnvart bönkunum?

Hvernig leit þetta mál út gagnvart "útlánnum" til kaupa á hlutabréfum í bönkunum?								
Staða lána í árslok 2007 samtals 230 millja., sbr. RNA.								
	Gefnar			Bókf.				
	<u>forsendur</u>			<u>vaxtatekjur</u>		Samtals		
1.1.	108	14%		15		123	milljarðar	
1.7.	100	14%		7		107		
	208			22		230	milljarðar	
<u>Leiðréttingarfærsla:</u>								
						Debet	Kredit	
31.12.								
		Útlán					230	milljarðar
		Rekstur (lækkun vaxtatekna)				22		milljarðar
		Rekstur (skattáhrif)					4	milljarðar
		Krafa á ríkissjóð (skattur til endurgreiðslu)				4		milljarðar
		Eigið fé innborgað				208		milljarðar
						234	234	

Lausir endar – áhætta og ábati, áhrif á laust fé, framsetningarmál, áhrif á notendur

- Ein er sú regla í reikningshaldi að kaup/sala má ekki skrá í bækur nema klárt sé að áhætta og ábati (e. risk and reward) flytjist frá seljanda til kaupanda. Því skal hér haldið fram að hið sama eigið við um sölu eigin bréfa. Engin viðskipti má skrá nema þessum skilyrðum sé fullnægt.
- Nokkur brögð voru að því að starfsmenn „keyptu“ eigin bréf og þess munu vera mörg dæmi að um verulega fjárhæðir hafi verið að tefla. Því er spurt í dæmaskyni hvort bóka hefði mátt kaup starfsmanns á eigin bréfum fyrir 500 millj. og greitt var fyrir með kúlubréfum til fimm ára og veð aðeins tekið í bréfunum sjálfum. Arður er greiddur en gengur ekki uppí árlega vexti.
- Ef vextir í viðskiptunum eru 14% nema þeir 70 millj. á ári og hafi starfsmaður 1 milljón á mánuði í laun nema vextirnir nærfellt sexföldum launum. Sé við það miðað að brúttóráðstöfunartekjur (nettó af sköttum og engu öðru) séu 7 milljónir á ári, þá væri viðkomandi starfsmaður rúmlega 70 ár að greiða höfuðstólinn og ekki hirt um vextina. Ef ráðstöfunartekjur eftir greiðslu venjulegra heimilisútgjalda væri 2 milljónir, tæki 250 ár að greiða höfuðstól lánsins en án vaxtanna.
- Í þessu dæmi hefur **ábati flust, þ.e. „kaupandinn“ hirðir arðinn**, en **áhættan situr öll áfram hjá bankanum**. Má ekki vera ljóst að hér hafa engin viðskipti farið fram, enda skilyrðum IFRS ekki fullnægt, og því með öllu óheimilt að láta líta svo út að starfsmaðurinn hafi keypt umrædd eigin bréf.
- Má ekki ennfremur draga þá ályktun af þessum „viðskiptum“ að **í reynd hafi aldrei staðið til að starfsmaðurinn greiddi** fyrir bréfin heldur aðeins að hann héldi á þeim þar til honum hentaði að selja og þá verðmæti þeirra vonandi hærra en uppsöfnuð skuld vegna „kaupanna“; annars seldi hann ekki.
- Dæmið kann að þykja gróft en það mun ekki vera fjarri fjárhæðum í viðskiptum sem þó voru bókuð.

Lausir endar – áhætta og ábati, áhrif á laust fé, framsetningarmál, áhrif á notendur

- Annað dæmi:

Stjórnandi er með kaupréttarsamning. Nýtir árlegan kauprétt 1 millj. hlutir og kaupir á kaupréttarverði 200 en markaðsverð 1.000,-.

- a) borgar kaupverðið 200 millj. en fær lán frá bankanum í sérfélag um hluti stjórnandans,
- b) borgar tekjuskatt (m.v. 45%) af mismun markaðsverðs 1 milljarður og kaupverðs, 360 millj. en fær lán frá bankanum í sérfélag um hluti stjórnandans,
- c) bankinn fer á hausinn – öll lánin hjá sérfélaginu (8 milljarðar) með veð í hlutabréfum stjórnandans eru töpuð sem og hlutabréfin.
- d) samantekt – áhætta stjórnandans er núll (borgaði aldrei neitt) en ábatinn hirtur í formi arðs af bréfunum.

Spurning (1) : Eru þetta viðskipti þar sem áhætta og ábati flyst frá seljanda til kaupandans?

Svar: Nei, og það er reist á mjög sérkennilegu viðhorfi til þessara krafna að svo hafi verið.

Spurning (2) : Er þetta raunhæft dæmi?

Svar: Svo mun vera.

Lausir endar – áhætta og ábati, áhrif á laust fé, framsetningarmál, áhrif á notendur

- Þegar banki kaupir eigin bréf á markaði eru þau staðgreidd. Náist ekki að selja aftur á markaði en seld með kúlubréfum til nokkurra ára er búið að binda laust fé og það ekki til ráðstöfunar. Uppsöfnuð binding vegna eigin bréfa var 230 milljarðar kr. (sjá fyrirvara hér á eftir) í árslok 2007.
- Þegar til lengdar lætur skiptir máli að rekstur sé með þeim hætti að laust fé til ráðstöfunar verði til. Lauss fjár má afla til skamms tíma með lánum en það gengur varla og ekki upp í langtímaljóni.
- Danskur sérfræðingur tók saman skýrslu fyrir RNA um kúlulán. Þar er birt sú niðurstaða að þau hafi numið tæplega einum fjórða af öllum útlánnum. Þessi skipan mála hlýtur að hafa dregið mjög úr framlagi rekstrar til handbærs fjár. Raunar svo að ekki verður annað séð að þrátt fyrir góða birta afkomu hefur rekstur bankanna í heild ekki skilað miklu lausu fé. Hitt sýnist líklegra miðað við forsendur um sjóðsflæði einstakra rekstrarliða og að einn fjórði vaxtatekna hafi ekki birst í formi sjóðsflæðis, að framlag rekstrar hafi í reynd verið neikvætt.
- Það er von að kreppuástand hafi myndast þegar dró úr möguleikum til að afla fjár í formi lána, hvort sem er frá lánveitendum eða innlánseigendum nú eða eigendum.

Lausir endar – áhætta og ábati, áhrif á laust fé, **framsetningarmál**, áhrif á notendur

- Í eftirfarandi töflu kemur fram hver munurinn er á framsetningu eigin fjár hafi banki selt eigin bréf.
 - Aðeins samkvæmt íslensku aðferðinni hækkar eigið fé um leið og bréfin eru seld gegn skuldabréfi.
 - Sænska aðferðin er samkvæmt upplýsingum frá starfsmanni fjármálaeftirlitsins. Óinnheimt hlutafé er fært sem eign en til mótvægis er skuldareikningur. Þeim skuldareikningi er ekki lokað yfir á eigið fé fyrr en krafan hefur verið innheimt að fullu.
 - Bandaríska aðferðin er reist á umsögn starfsmanns bandaríska eftirlitsins sem var einfaldlega = hlutafé telur ekki nema það hafi verið greitt með reiðufé. Upplýsingar gætu verið í skýringum um óinnheimtan sölusamning á eigin bréfum.
 - Evrópska aðferðin er samkvæmt fyrirmynd í erlendum bankareikningskilum. Þar er áskilið að bönkum er óheimilt að lána fyrir sölu eigin bréfa. Það fyrirbrigði er kallað „self-financing“ eða sjálfsfjármögnun en hún er bönnuð samkvæmt EU reglum.

Taflan fylgir hér á eftir.

Lausir endar – áhætta og ábati, áhrif á laust fé, framsetningarmál, áhrif á notendur

Framsetning hlutafjár					
		Ísl. aðferðin	Sænska aðferðin	Ameríska aðferðin	Evrópska aðferðin
Eigið fé:					
	Hlutafé.....	230	0	0	0
	Yfirverðsreikningur.....	0	0	0	0
	Hlutafé í áskrift.....	0	0	0	230
	Óinnheimt hlutafé.....	0	0	0	(230)
		230	0	0	0
Skuldir					
	Mótreikningur óinnheimts hlutafjár.....	0	230	0	0
Eignir					
	Óinnheimt hlutafé.....		230	0	0
	Útlán.....	230	0	0	0
		230	230	0	0

Lausir endar – áhætta og ábati, áhrif á laust fé, framsetningarmál, áhrif á notendur

Að lokum skal spurt:

Hvað áhrif hefði það haft ef framsetning á seldum eigin bréfum hefði verið með sambærilegum hætti og krafa sýnist gerð um í þessum efnum?

- Eigið fé samtals í árslok 2007 hefði lækkað um 230 milljarða kr. og lækkað úr 695 milljörðum kr. samtals í 465 milljarða kr. Samkvæmt því var eigið fé oftalið um 50% ($230/(695-230)$). Sé miðað við að CAD hlutfallið hafi að jafnaði verið um 12% leiddi þessi breyting eigin fjárens til rúmlega helmings leiðréttingar á því hlutfalli niður að lágmarkinu sem er 8%. Og þá eru ótaldar aðrar leiðréttingar á eigin fé samkvæmt þeim skýrslum sem liggja fyrir um bankana fyrir árið 2007; mest munar þar líklegast um nauðsynlega breytingu á afskriftareikningi útlána, sbr. næsta slæða.
- Þessi breyting, ein og sér, hefði trúlegast leitt til þess að lánsviðskipti við erlenda banka hefðu stirnað til muna. Raunar má búast við sambærileg leiðrétting á CAD hlutfalli í lok ársins á undan, þ.e. árslok 2006, hefði líka rýrt viðskiptasambönd.
- Og ef þessi framsetning hefði verið viðhöfð ætla ég að leyfa mér að halda því fram að erfiðlega hefði gengið að fá Seðlabankann til að lána gjaldeyrisforða þjóðarinnar til tiltekins banka.

Lausir endar – áhætta og ábati, áhrif á laust fé, framsetningarmál, **áhrif á notendur**

- Í árslok 2017 nam afskriftareikningur bankanna að jafnaði um 1,6% af heildarútlánunum og nam um 40 milljörðum kr. samtals.
- Í árslok 2007 nam afskriftareikningur bankanna að jafnaði um 0,75% og nam um 55 milljörðum kr. samtals. Athyglisvert að sömu reglur (IAS39) um niðurfærslu giltu í árslok 2007 og giltu tíu árum síðar.
- Nú var það niðurstaða Gylfa Zoega, prófessors, á fundi þessara samtaka fyrir mánuði síðan að ástand efnahagsmála almennt hafi verið mun lakara undir lok ársins 2007 en það var undir lok ársins 2017. Sé við þetta miðað og að niðurfærslan undir lok 2017 sé hæfileg má gefa sér að afskriftin hefði þurft að vera á bilinu frá 1,8% (Cofisys skýrslan) - 2,4% (segjum 50% GZ áhrif ofan á 1,6%) í árslok 2007.

Hagnaður bankanna 2007 samtals			137	milljarðar kr.	
a) Leiðrétting afkomu m.v. Cofisys skýrsluna (vegna aukinnar niðurfærslu)	-63				
b) Leiðrétting á afkomu m.v. 50% aukningu			-98		
Leiðréttur hagnaður 2007		74	millja.kr.	39	millja.kr.
(aðeins vegna aukinnar niðurfærslu útlána)					

Tvennt í lokin

- Fyrirvari um 230 milljarða kr.
 - Samkvæmt áreiðanlegum heimildum er hávaðinn af fjárhæðinni vegna beinna viðskipta (lántökur) en einhver hluti vegna óbeinna áhrifa.
 - Dæmi: maður staðgreiðir hlutabréfakaup en fær síðar lán til að laga lausafjárstöðu með veði í bréfunum. Á að taka þetta lán með? Já, enda skiptir hér röð viðskipta engu máli.
 - Annað dæmi: veð tekið í hlutabréfum vegna lánastöðu almennt. Heimfærsla lána á einstaka fjárfestingu eða rekstur er nærfellt útilokuð. Veð í hlutabréfum er örþrifaráð og skuldastaðan hlýtur að vera slæm (engin önnur veð tiltæk).
 - Niðurstaða: Getur skipt máli í hvað röð viðskiptin áttu sér stað ef skuldsett er upp í rjáfur?
 - Varla.
- Hér að framan látið ógert að ræða hvort hér hafi verið um refsivert athæfi að ræða, þ.e. rangfærsla eigin fjár um 50%. Hefur þá áhrif að mönnum mátti vera ljóst að aðferðir bankanna stæðust ekki samanburð að þessu leyti við erlenda framkvæmd og reglur. Þó að það sé ekki á færi höfunda greinarinnar að meta hvort framkvæmdin bendi til refsiverðs verknaðar er það samt skoðun þeirra að svo hafi verið, eða amk. átt svo að vera.

Lausir endar – áhætta og ábati, áhrif á laust fé, framsetningarmál, áhrif á notendur

- Þessi leiðrétting á niðurfærslu útlána sem sýnist hóflega eftir atvikum er hins vegar óveruleg miðað við erlent mat (Deloitte LLP) á útlánasafni bankanna á hrundegi í byrjun október 2008. Útlánin námu þá, eftir aukningu fram að hrundegi, og leiðréttingu fyrir áhrifum gengismunar og verðbóta um 12.000 milljörðum kr. (eða var það 15 þús. milljkr.) og matið var að helmingurinn eða svo væri einskis virði.
- Samanburður á niðurfærslu m.v. 2,4% (175 milljarðar kr.) í árslok 2007 og 50% (6.000 milljarðar kr.) miðað við október 2008 er auðvitað ósanngjarn því áhrif kerfisáfallsins voru mikil. Það sýnist þó mega halda því fram að leiðrétt niðurfærslan í árslok 2007 sé mjög hófleg eftir atvikum máls.
- Því viðhorfi úr röðum endurskoðenda um þann mun sem var á niðurfærslu í bókum (55 millja.kr.) og samkvæmt þessu mati erlends endurskoðanda að „enginn vandi sé að vera vitur eftir á“, skal hér andmælt. Sumir kjósa þó að orða það svo, að til þess kaupa menn endurskoðunarþjónustu að endurskoðendum sé gefinn kostur á að vera vitrir fyrirfram, þ.e. fyrir hönd þeirra sem unnið er fyrir.

Althani málið – hámark vitleysunnar?

Hvað gerðist:

- Erlendur aðili, Katarinn Althani, kaupir 5% hlut í Kaupþingi banka (sept.2008) fyrir 26 milljarða kr.
- Engin greiðsla barst í reynd frá kaupandanum en bankinn lánaði fyrir öllu kaupverðinu.
- Til að greiða fyrir þessum viðskiptum fékk Althani auk þess lán að andvirði 50 m. dollara og andvirðið lagt inn á bankareikning hans erlendis, Kaupth. Lux., til frjálsrar ráðstöfunar. Að sögn var um ffr. gr. á væntum hagnaði hans af viðskiptum að ræða (sem að vísu aldrei var stofnað til við hann).
- Í ljós kom, þrátt fyrir upplýsingamiðlun bankans um annað, að Althani keypti ekki nema helminginn af hlutabréfunum. Hinn kaupandinn var Ólafur Ólafsson.

Althani málið

- Althani var í persónulegri ábyrgð fyrir sínum hluta, 13 milljörðum kr., en Ólafur stofnaði trúlegast félag sem keypti hans hluta og fékk lán frá bankanum með veðum í hlutabréfunum sjálfum. Ábyrgð Ólafs gagnvart því félagi var sum sé engin.
- Lánveiting bankans var í fyrstu til félaga í eigu kaupenda, Serval og Gerland, en þau lánuðu svo áfram í gegnum nokkur félög og endaði féð hjá Q-finance sem keypti hlutabréfin af Kaupþingi; þetta fyrirkomulaga er til vitnis um nokkurs konar „raðfjármögnun“.
- Viðskiptin í heild má hins vegar kenna við „sjálfsfjármögnun“ (e. auto-financing), þ.e. bankinn fjármagnaði hlutabréfakaup í sjálfum sér.
- Nokkrum dögum eftir þessi viðskipti féll Kaupþing banki.

Althani málið

Tölur í milljörðum kr.

Eignir:

	Útlán	
1)	13	
2)	13	
	<hr/>	
	26	

Skuldir:

	Innlán	
3)	13	13
4)	13	13
	<hr/>	
		0

Eigið fé:

Innborgað eigið fé

13	3)
13	4)

26

Althani málið

Eignir:		Skuldir:	
Útlán - erlent		Innlán - erl. dótturf.	
50	m.usd	50	50 m.usd
	26 m.usd		m.usd
	Althani borgar?		
24	afskrifað hjá slitastjórn		0
Útlán		Rekstur:	
13	ma.isk	a)	Gengistap
	6 = 50 m.usd x 120		6,5
	6,5 = 50 m.usd x (250-120)		6,5
	0,5 Hver borgar?		6,5
0		b)	Yfirverðsreikn.
			6,5
			6,5

Althani málið

- Tilgangurinn með auknu eigið fé er m.a. að auka tapsþol fyrirtækja. Fór það á þann veg í þessu máli?
- Því fór fjarri – veð voru í hlutabréfunum sjálfum og þau voru að sjálfsögðu verðlaus við fall bankans.
- Aldrei reyndi á útfærslu þessara viðskipta í birtum reikningsskilum bankans. Hins vegar var því þannig farið hjá öllum bönkunum að lánveitingar til kaupa á bréfum í bönkunum sjálfum voru verulegar, jafnvel án þessara viðskipta.

Althani málið

- Má ætlast til að endurskoðendur bankanna hefðu átt að gera athugasemdir við viðskiptahætti sem þessa og raunar umfang slíkra viðskipta? Enn fremur hitt, máttu menn ekki vita að viðskipti af þessu tagi eru almennt bönnuð með lögum eða reglum bæði vestan hafs og austan?
- Til að mynda varð allt vitlaust í Belgíu (2009) þegar upp komst að bankinn Dexia hafði lánað tveimur stofnanafjárfestum 1,5 milljarð evra til að kaupa bréf í bankanum. Umræða um bankann varð ekki bara í Belgíu heldur vítt og breitt um Evrópu.
- Þá er líka athyglisvert að menn hérlendis hafa bent á að Barclays banki hafi einmitt gert það sama og Kaupping, þ.e. lánað fyrir viðskiptum í sjálfum sér til Katara. Skiptir hér ekki máli að þau viðskipti sæta nú opinberri lögreglurannsókn hjá SFO (Serious Fraud Office) í Bretlandi?

Althani málið

- Niðurstaðan af þessu er sú að viðskiptin standast illa skoðun, m.a. vegna þess að ekki er upplýst um þau, þ.e. efni þeirra og umfang.
- RNA upplýsir í skýrslu sinni að verulegur hluti innborgaðs eigin fjár bankanna var aldrei borgaður í þeim skilningi að þeir hafi fengið laust fé til frjálsrar ráðstöfunar.
- Um það vissi enginn, hvorki innlendir né erlendir lesendur reikningsskila bankanna (er það í samræmi við hin „nýju“ gildi að hverfa frá áherslum í eftirfylgni við reglur í átt til aukinnar upplýsingarmiðlunar), og enn fremur gat engum erlendum lesanda dottið í hug að svona væri um hnútana búið í eigin fé bankanna þar sem slík viðskipti eru einfaldlega bönnuð erlendis.
- Er það virkilega svo að fyrsta spurning upplýsts lesanda eigi eða þurfi að vera um það hvort hlutafé hafi verið greitt eða öllu heldur innborgað?

Althani málið

Fleiri spurningar:

- 1) Samrýmast þessir viðskiptahættir kjarnanum í hlutafélagalögnum þar sem í síbylju er klifað á „innborgað eigið fé“? (getur það verið annað en reiðufé?)
- 2) Ef lána má fyrir viðskiptum af þessu tagi, hefði ekki borið í reikningsskilunum að upplýsa um umfang þeirra lánsviðskipta og annarra sambærilegra?
- 3) Eru menn að virða upplýsingareglur (fremur en framfylgni við bókstaf) með því að láta ógert að skýra frá lánsviðskiptunum?
- 4) Ef bókstaflega er horft til fyrirmæla um útgefin skírteini vegna hlutabréfakaupa (þ.e. innborgun) – hvernig á að fara með vexti af „lánsviðskiptunum“? Ef eigin viðskipti, er unnt að færa vaxtatekjur af einhverju sem ekki er eign?
- 5) Skiptir ekki máli fyrir forráðamenn fyrirtækja/endurskoðendur að hyggja af áhrifum viðskipta sem hér sýnast kannski lögleg (af því að explicit bann liggur ekki fyrir) en eru bönnuð annars staðar. Er það eitt og sér ekki tilefni til frásagnar í skýringum.
- 6) Ef verulegur afsláttur er veittur í viðskiptum með eigin bréf hefði ekki borið að upplýsa um það – jafnvel um leið og viðskiptin fóru fram fremur en bara við reikningsskilagerð?
- 7) Höfðu þessi viðskipti áhrif á fyrirgreiðslu Seðlabankans til Kaupþings (500 m. evra)?